

HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

10. blað.

Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkju

(Framhald)

Niðurlöndin svo nefndu, sem nú eru konungsríkin Holland og Belgía voru hluti af ríki Karls keisara fimta. Og þar sem að hann var ákafur mótstöðumaður siðbótarinnar reyndi hann að sporna við útbreiðslu hennar þar sem í öðrum hlutum ríkis síns. Skoðanir Lúthers bárust fljótt til Hollands, en smám saman náði þó svissneska hreyfingin öflugri fótfestu þar og hölluðust flestir siðbótarmenn þar að kenningum Kalvíns. Karl keisari og sonur hans Filippus annar létu "rannsóknarréttinn" taka til starfa þar en þjóðin í heild sinni var honum mjög mótfallin; og 1566 gengu nokkrir aðalsmenn í félag, er hafði fyrir markmið að útrýma "rannsóknarréttinum" algerlega úr landinu. Þessi samtök aðalsmannanna gáfu hinum nýju skoðunum ennþá meiri byr. Þá sendi Filippus konungur hertogann af Alba frá Spáni til að bæla hreyfinguna niður. Hertoginn beitti dæmafárri grimd og hörku, og er sagt að á þeim sex árum er hann var við völdin á Hollandi hafi hann kveðið upp 18.000 dauðadóma, en alt til einskis. Þjóðin reis upp á móti hinni spánversku yfirstjórn og

Holland varð að sjálfstæðu ríki undir forustu Vilhjálms af Óraníu eins hins besta manns, sem þá var uppi. Í Belgíu varð kaþólska kyrkjan með hjálp Jesúítanna mótmælendunum yfirsterkari og skiftust löndin við það.

Hvergi sýndi siðbótin betur en á Hollandi hversu skamt frjálsslyndi það sem henni var samfara náði. Kalvínstrúin varð smám saman þrengri og þrengri þar eftir því sem hún náði meiri útbreiðslu og fylgjendur hennar hættu að umbera aðrar trúarskoðanir þegar þeir voru orðnir einvaldir. Samt sem áður vildu ekki allir beygja sig undir vilja þeirra, og bráðlega hófst deila á milli þeirra sem voru of frjálsslyndir til að fylgja Kalvín og þeirra sem héldu skoðunum hans fram óbreyttum. Maður að nafni D. V. Koornhert frá Haarlem hélt fram að algert umburðarlyndi í trúarefnum ætti að eiga sér stað. Kaspar Koolhaes frá Leyden mótmælti forlagatrú Kalvíns; en sérstaklega barðist J. Arminíus prestur í Amsterdam og síðar háskólakennari í Leyden á móti ýmsum af kenningum Kalvíns. Skoðanir þessara manna voru dæmdar villu kenningar, og á kyrkjupingi, sem haldið var í bænum Dort 1618—19 var ákveðið að allir fylgjendur Arminíusar skyldu hætta að útbreiða skoðanir sínar, eða vera gerðir landrækir að öðrum kosti. Margir þeirra tóku síðari kostinn og fóru í burtu um hríð, en eftir nokkurn tíma var þeim leyft að koma aftur til Hollands og mynduðu þeir þá þegar allsterkan flokk; þessi flokkur bar síðan lengi nafn Arminíusar og viðurkendi hann sem leiðtoga sinn, en sá sem mestan þátt átti í myndun flokksins hét Símon Episcopíus. Arminíusarnir voru altaf mjög fámennir en á meðal þeirra voru margir hinna frægustu mentamanna, sem til voru í landinu. Nafnið er nú lagt niður, en hin svo nefnda frjálsslynda hollenska kyrkja, sem lengi hefir átt í baráttu við bæði kalvínsku og kaþólsku kyrkjuna, er beint áframhald af henni. Þó þessi hreyfing í áttina til frjálsra trúarbragða á Hollandi hafi aldrei náð mjög mikilli útbreiðslu þar, hefir hún samt haft viðtak áhrif á trú—og kyrkjumál um allan vesturhluta Norðurálfunnar.

Arminíus og fylgjendur hans héldu fram því, sem í raun og veru hafði verið grundvallaratriði hinna fyrstu siðbótarmanna,

nefnilega, að trú ætti ávalt að stjórna af skynseminni þannig, að allar trúarbragðalegar kenningar mættu gagnrýnast; þessari sömu grundvallarreglu fylgdu þeir einnig er til biblíunnar kom, það samt sem áður varð ekki til þess að þeir höfnuðu biblíunni; þvert á móti gerðu þeir hana að trúar—og siðferðislegum mælikvarða, sem þeir álitu óskeikulan í öllum aðalatriðum. Það sem þeir sérstaklega voru mótfallnir í Kalvínstrúnni var forlaga kenningin og hið ósveigjanlega kyrkjuvald. Margir þeirra hölluðust meira eða minna að skoðunum Sósinusar, sem voru orðnar þá vel þektar á Hollandi í gegnum þá frjálsstrúarmenn, sem höfði leitað þangað undan ofsóknum frá Póllandi; en þrátt fyrir það urðu þeir samt aldrei eins frjálslýndir yfirleitt og Sósinus og hans fylgjendur höfðu verið á meðan þeir voru óhultir með skoðanir sínar.

Skoðanir Arminíusar og fylgjenda hans bárust til Englands og hjálpuðu til að mynda þar frjálslýnda stefnu í trúmálum, sem síðar leiddi af sér stofnun únítarískrar kyrkju. En þar gætti einnig fleiri og eldri áhrifa, sem taka verður til greina þegar um uppruna únítarakyrkjunnar á Englandi er að ræða.

Siðbótin á Englandi átti sér stað með öðrum hætti en í öðrum löndum þar sem hún komst á. Hún blandaðist þar saman við stjórn málin og konungsvaldið og átti að mjög litlu leyti rætur sínar að rekja til verulegra skoðanabreytinga í trúmálum. Af þessu leiddi, að á Englandi var sett á stofn ríkiskyrkja, sem hvað skoðanir snerti var næsta lík kaþólsku kyrkjuni, og höfuð hennar var konungurinn í stað páfans.

En þessar kringumstæður gátu samt ekki komið í veg fyrir að einstaklingar aðhylltust frjálssari skoðanir en þær sem ríkiskyrkjan hélt fram. Allar skoðanabreytingar, sem áttu sér stað á meginlandi Norðurálfunnar bárust fljótt þangað. Endurskírarnir, sem áður hefir verið minst á fluttu kenningar sínar til Englands og fengu fljótt áhangendur. Sömuleiðis voru margir sem hölluðust að skoðunum Aríusar—flokksins á fjórðu öldinni hvað kristshugmyndina snerti. Öll þessi vantrú var ofsótt af ríkiskyrkjuni; margir voru hneptir í fangelsi um lengri eða skemmri tíma, og nokkrir voru teknir af lífi. Ofsóknir þessar

héldu hreyfingunni niðri um tíma og komu í veg fyrir alla flokksmyndun í sambandi við hana.

Með 17 öldinni lögðust ofsóknirnar að mestu niður, en um leið efldist óánægjan og mótspyrnan gegn ríkiskyrkjunni. Með kröfðust meiri einstaklingsréttinda og minna kyrkjuvalds í trúaræfnum. Púritanisminn svo nefndi miðaði í þá átt, þó púritanarnir væru engan vegin langt á veg komnir í frjálslyndisáttina frá nútíðarsjónarmiði.

Þegar ofsóknunum gegn þeim, sem aðra trúaðhyltust en þá sem ríkiskyrkjan kendi á Englandi, linti fóru únítarískar skoðanir brátt að gera vart við sig í sinni réttu mynd: þær bárust frá Póllandi. Bækur únítarískra rithöfunda þar voru lesnar á Englandi, enda þó að kyrkjan bannaði algerlega að hafa þær um hönd. Margir mestu fræði, og gáfumenn þjóðarinnar urðu fyrir áhrifum frá skoðunum þessum og voru þess vegna miklu frjálslyndari en alment átti sér stað. En samt sem áður var hreyfingin ekki nógu sterk á þessu tímabili til að hafa nokkur veruleg áhrif á fjöldann hvað myndun sérstaks flokks til styrktar þessum skoðunum viðveik.

Seint á 17 öldinni var utanríkiskyrkjumönnum eða "dissenters" eins og þeir voru nefndir veitt trúfrelsi. Þeir skiftust þá í þrjá flokka aðallega, baptista, kongregazionalista og presbýtera. Bæði baptistarnir kongregazionalistarnir ákváðu stefnu sína með trúarjátningum, en presbýterarnir vildu ekki binda sig við neina trúarjátningu. Þetta er merkilegt og þýðingarmikið atriði, vegna þess að presbýterönsku kyrkjurnar á Englandi breyttust síðar og urðu yfirleitt únítarískar, þar sem hinar aftur á móti voru bundnar við trúarjátningar sínar og lögðu tiltölulega lítið til stofnunar únítarísku kyrkjunnar. Á þeim tíma, sem hér um ræðir voru presbýterarnir þó ekki farnir að hallast að únítarískum skoðunum yfirleitt, heldur voru þeir jafn strang-rétttrúaðir og hinir kyrkjuflokkarnir, en í afstöðu þeirra gagnvart trúarjátningunum lá grundvöllur til framfara og þroskunar.

Það var sérstaklega starfsemi tveggja manna á Englandi að þakka að hin frjálslynda hreyfing þar varð að ákveðinni stefnu með félagslegri stofnun að baki sér. Þessir menn voru Joseph

Priestley fæddur 1733 og Theophilus Lindsay fæddur 1723. Priestley var frægur vísindamaður jafnframt því sem hann var ótrauður talsmaður frjálsra trúarskoðana. Hann uppgötvaði súrefnið, og það eitt hefði verið nægilegt til þess að halda nafni hans á lofti. Í breytingunum sem skoðanir hans tóku má sjá samskonar áframhaldandi þroskun og saga úúitarísku stefnunnar í heild sinni sýnir. Hann var alinn upp undir strang-orþóðum áhrifum utan ríkiskyrkjunnar, en ekki leið á löngu áður en hann komst að raun um, að sumt af því sem honum hafði verið kent var ósamrýmanlegt við skynsamlega hugsun. Það fyrsta sem hann efaðist um var erfðasýndarkenningin. Hann gat ekki trúað að hin fyrsta synd Adams hefði verið nægileg orsök til þess að alt mannkynið upp frá því hrepti eilífa glötun. Þessi vantrú var álitin svo hættuleg í kongregazional kyrkjuni. sem hann tilheyrði, að honum var vísað á bug með hana þar. En það hafði engin áhrif á hann í þá átt að gera hann varkáran hvað framsetningu skoðanna sinna snerti, þvert á móti lét hann ávalt hiklaust í ljósi allar sínar skoðanabreytingar. Friðþægingarkenningin var næsta kyrkjukenningin, sem Priestly fann sig knúðan til að efast um. Hann var þá orðinn prestur í Needham og of frjálslyndur fyrir þá frjálslyndustu á meðal utanríkiskyrkjumannanna. Eitthvað tíu árum síðar flutti hann til Leeds og varð þar ákveðinn fylgjandi Sósínusar. Eftir nokkurra ára dvöl í Leeds varð hann um tíma bókaforður hjá Shelburne lávarði og hafði þá nægan tíma til að gefa sig við vísindum og heimspeki. Hann ritaði bók um sálarfræði, sem mótmælti hinni venjulegu skoðun guðfræðinganna á sálunni. Hann varð aftur prestur í Birmingham eftir nokkur ár og komst þar í lánga og harða deilu við einn af guðfræðingum ríkiskyrkjunnar. Þessi deila knúði hann til að ákveða enn betur hvar hann sjálfur stæði. Hann neitaði kenningunni um yfirnáttúrlega fæðingu Krists ásamt mörgu öðru, sem enginn annar leyfði sér að efast um. Hér vann hann einnig með óþreytandi elju að sögulegri rannsókn á kristindómunum þar til hann var neyddur til að flýja eftir að skrillinn í Birmingham hafði brent hús hans með öllu því sem hann átti í því. Skömmu síðar flutti hann til Ameríku og dvaldi þar þau

tíu ár sem hann átti eftir ólifað. Af öllum mönnum fyr og síðar á Englandi eiga únítararnir þar Priestley langmest að þakka. Með sínu óbilandi þreki ruddi hann frjálsum trúarskoðunum braut. Hann gekk lengra en allir aðrir samtíðarmenn hans, þó sumir þeirra væru á ýmsan hátt all-frjálslyndir. Fyrir hann var skoðanafrelsið alt, öll bönd, hverju nafni sem þau nefndust, vildi hann brjóta, til þess að menn gætu notið þess, og ávextirnir af starfi hans sýndu brátt að hans málstaður var réttur, enda þó hann bakað honum misskilning, óvild og hættu á meðan hann lifði.

Theophilus Lindsay var prestur í ríkiskyrkjunnni og til heyrði flokki manna þar, sem vildi rýmka til um sumar af kenningum hennar og siðum. Þessi frjálslyndi flokkur hafði ýmislegt sameiginlegt með frjálslynda flokkaum á Hollandi, en var smár og varð lítið ágengt. Leiðtogar þessarar hreyfingar vildu fá ýmsu í hinni svo nefndu „Almennu bænabók“ og trúarjátningunni breytt og lögðu beiðni fyrir þingið þess efnis. Þingið sinti beiðninni alls ekki, og þá tók Lindsay sig einn til, sagði sig úr ríkiskyrkjunnni og stofnaði óháðan söfnuð í Lundánum 1773. Lindsay gerðist únítari og söfnuður hans í Lundánum var hin fyrsta únítaríska kirkja á Englandi. Fyrirtæki hans hepnadist ágætlega, margir nafnkendir menn fylgdu honum að málum og studdu hann. Skoðana-bræður hans, sem verið höfðu í ríkiskyrkjunnni höfðu spáð, að með því að fara úr henni væri hann að eyðileggja öll þau áhrif, sem hann gæti haft. En það fór alt á annan veg. Hann var sá eini af þeim flokki, sem nokkur veruleg áhrif hafði, hinir sem eftir voru í ríkiskyrkjunnni komu engum umbótum til leiðar.

Skömmu eftir þessa stofnun únítarískrar kirkju í Lundánum voru söfnuðir og félög með sama nafni og tilgangi stofnuð í ýmsum öðrum bæjum. Nokkrir mentamenn frá Cambridge gerðust únítarar, og 1806 var únítarískt trúboðsfélag sett á fót. Presbýterönsku kirkjurnar, eins og áður er getið, snerust margar og urðu algerlega únítarískar, og nokkur hluti baptista kirkjurnar varð það að öllu nema nafninu til. Enn-fremur lætust nokkrar meþódista kirkjur í h'pinn síðar. Árið 1825 var

„Brezka og útlenda únítarafélagið“ stofnað og hefir það síðan verið starfandi bæði á Englandi og í sambandi við únítara og aðra frjálslynda menn í öðrum löndum með ágætum árangri. Um miðja síðastliðra öld dróu lagadeilur út af eignarhaldi á kyrkjueignum, sem únítarar urðu að eiga í, nokkuð úr vexti og viðgangi kyrkjunnar, en síðan þeim lauk hefir stöðug framför átt sér stað, og framtíðarhorfur únítarakyrkjunnar á Englandi nú eru mjög góðar. Á síðari tímum hafa verið uppi ágætir fræðimenn og andans skörungar á meðal ensku únítaranna og má sérstaklega nefna James Martineau. Í Oxford eiga þeir ágætan guðfræðisskóla, sem stendur í sambandi við Oxford háskólann og auk þess tvo aðra, annan á Norður-Englandi og hinn í Wales. Tala únítarískra kyrkna á Englandi er frá 370 til 400, að vísu ekki há tala við íbúafjölda miðað, en þess ber að gæta, að áhrif únítarísku stefnunnar þar sem annarstaðar er ekki öll að finna í fjölmenni og félagslegri stærð; sumt af áhrifunum hefir komist inn í aðra kyrkjuflokka og er að finna í vaxandi frjálslyndi í þeim.

Á Skotlandi og Írlandi hafa únítarískar skoðanir einnig náð nokkurri útbreiðslu, en saga hreyfingarinnar í þeim löndum er stutt og á engan hátt sérkennileg svo að þörf sé að minnast á hana frekar. Eðlilega hefir útbreiðslan orðið minni þar en á Englandi bæði vegna skemri tíma, sem þar hefir verið starfað og þess að kaþólska kyrkjan á Írlandi og skoskpresbýteranska kyrkjan eru hvor í sínu lagi mjög fastheldnar við gamaldags guðfræði, en engin trúarbragðaleg hreyfing hefir gengið yfir löndin á síðari tímum, sem getur skoðast sem undirbúningur fyrir útbreiðslu frjálsra nútíðar trúarskoðana.

Framh.



Fimta Kyrkjuping Íslenskra Únitara í Vesturheimi.

Fimta þing íslenskra únitara í Vesturheimi var sett að morgni þess 19. júní síðastl. í kyrkju únitara safnaðarins að Mary Hill, Man. af forseta hins únitárska kyrkjufélags Mr. Skapta Brynjólfssyni. Nokkur hluti af 139 Davíðssálmi var lesinn af séra Guðm. Árnasyni og sálmurinn nr. 619 í sálmabókinni var sunginn, séra Albert E. Kristjánsson flutti bæn.

Í fjarveru skrifara og varaskrifara skipaði forseti G. Árnason til að gegna skrifara störfum á þinginu.

Forsetinn gaf stutta en gagnorða munnlega skýrslu. Benti á að hagur únitárskra málefna hefði að líkindum aldrei staðið betur en nú á meðal Íslendinga. Breytingar þær, sem nú væru að gera vart við sig í íslenskri lúterskri kyrkju væru meðfram ávextir af únitárskri starfsemi. Varaforseti gerði grein fyrir hvers vegna þetta þing hefði ekki mætt síðastliðið ár eins og ákveðið hafði verið á síðasta þingi, fjarvera forseta ásan t öðrum kringumstæðum hefðu olluð því. Féhirðir skýrði frá fjárhagsástandinu og kvað félagið eiga \$29.00 í sjóði. Séra Rögnvaldur Pétursson gat þess að útbreiðslu stjóri félagsins Mr Pétur Bjarnason mundi skýra frá starfi sínu er hann kæmi á þingið. Einnig mælti hann með til upptöku í félagið Íslenska Únitara söfnuðinum í Grunnavatnsbygð. Samþykkt var í einu hljóði að taka söfnuð þennan í félagið.

Þá skipaði forseti þessa menn í kjörbréfanefnd.

Pál Reykdal

Jóhannes Sigurðsson

Hannes Pétursson

Séra Rögnvaldur Pétursson lagði til að Mr. Stefáni Thorson frá Winnipeg væri veitt full réttindi á þinginu, þar sem hann væri staddur á því sem gestur. Tillagan var studd af séra Albert E.

Kristjánssyni og samþ. í einu hljóði. Ennfremur lagði séra R. Pétursson til að eftirfylgjandi persónum, sem þá voru viðstaddar væri veitt málfrelsi á þinginu: Jóni Sigurðssyni, Jóhanni Þorsteinsyni, Sigurjóni Johnson, Jóni S. Johnson, Mrs. og Miss Johnson, Eiríki Scheving og Jóni Olson, þessi tillaga var studd og samþykkt í einu hljóði.

Kjörbréfanefndin skýrði frá að þessir viðstaddir ættu sæti á þinginu sem embættismenn félagsins og kjörnir fulltrúar frá söfnuðum.

Prestar:

Rögnvaldur Pétursson
Guðm. Árnason
Jóh. P. Sólmundsson
Albert E. Kristjánsson

Embættismenn:

Skapti B. Brynjólfsson, forseti
Jósep B. Skaptason, varaforseti
Pétur Bjarnason útbreiðslustjóri
Hannes Pétursson, féhirðir
Jóhannes Sigurðsson og
Páll Reykdal, meðráðendur

Fulltrúar:

Mrs. St. Pétursson
Mrs. Tilly Pétursson
Mrs. Guðrún Pétursson
Sæmundur Borgfjörð
Miss Guðrún Heiðmann
Stefán Bjarnason og Daniel Danielsson
frá Winnipeg söfnuði;
Björn B. Olson frá Gimli söfnuði;
Guðm. Guðmundsson og Niels Hallson
frá Mary Hill söfnuði;
Jónas Halldórsson og Einar Johnson
frá Grunnavatns söfnuði;
Rögnvaldur Vídal frá Hnausa;
Stefán Thorson samkvæmt samþykkt þingsins.

Ritari lagði til að nefndar álitid væri samþykkt, var það stutt af Rögvaldi Péturssyni og samþykkt í einu hljóði.

A. E. Kristjánsson lagði til að forsetinn skipaði fimm manna dagskrárnefnd. Tillagan var studd og samþykkt og þessir skipaðir í nefndina:

R. Pétursson
 J. B. Skaptason
 J. P. Sólmundsson
 A. E. Kristjánsson
 St. Thorson

Talað var um að óþægilegt væri anna vegna að hafa fyrirlestrana að kvöldinu til. Eftir all-langar umræður um það efni var samþ, till. frá Jóh. Sigurðssyni studd af B. B. Olson um að færa fyrirlestur þann sem auglýstur hafði verið á mánudagskvöld kl. 8 til kl. 2 síðdegis sama dag. Fundi slitið

S. B. Brynjólfsson

G. Árnason

Þriðji fundur var settur að morgni þess 20 af forseta. Séra Rögvaldur Pétursson las part af 14 kap. korintubrúfsins. Fundarbók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Nefnd sú, sem kosin hafði verið á síðasta þingi til að starfa að útgáfu kenslubóka lagði fram skýrslu sína. Séra Rögvaldur Pétursson gat þess að nefndin hefði fyrst haft í hyggju að semja og gefa út kenslubók, er samanstæði af þremur hlutum: vísindalegu ágrípi um uppruna heimsins, únítarískri trúfræði og siðfræði. Síðar, sagði hann, að nefndin hefði horfið frá þessari ætlun sinni, en sjálfur hafði hann byrjað í vetur að semja kenslubók yfir gamlamenteitið með hliðsjón til enskra bóka um það efni.

Um þetta mál töluðu auk Séra Rögvaldar Péturssonar, séra J. P. Sólmundsson, séra G. Árnason og séra A. E. Kristjánsson.

Þá las séra Rögvaldur Pétursson upp eftirfarandi álit sálmaþókarnefndarinnar. Nefnd sú er skipuð var til að undirbúa og safna til útgáfu sálmaþókar, leyfir sér að gefa eftir-

farandi skýrslu. Nefndin hélt fund með sér 18 sept. síðastliðinn og skifti með sér verkum á þann hátt, að hinir ýmsu nefndarmenn tóku að sér að skrifa öllum helstu skáldum Íslands og fara þess á leit við þau, að þau gæfu leyfi sitt fyrir öllum þeim prentuðum sálmum, er út hefðu komið eftir þau, til upptöku í hina fyrirhuguðu sálmabók og ennfremur seldu með sanngjörnu verði óprentuð handrit sín af sálmum, er nefndin kynni að geta notað.

Aðeins eitt skáldanna hefir gefið svar upp á bréf þessi, og að álitni nefndarinnar er það svar öldungis ófullnægjandi, þess vegna á fundi er nefndin hölt með sér í febrúar, áleit hún að heppilegra væri að fresta sálmabókarútgáfu að sinni, en reyna fremur að komast í samband við nefnd þá á Íslandi, er skipuð er til að yfirlíta sálmabók íslensku kyrkjunnar, ef verða mætti að sú útgáfa gæti orðið til almennra nota bæði fyrir oss og aðra.

Formaður útbreiðslunefndarinnar gaf þar næst skýrslu. Hann kvað nýjan söfnuð hafa verið stofnaðan í Grunnavatnsbygð, sem að miklu leyti væri að þakka starfsemi Alberts E. Kristjánssonar þar á síðastliðnu sumri. Einnig mintist hann á hag og framfarir félgsskaparins yfirleitt.

G. Árnason skýrði frá að framkvæmdarnefnd kyrkjufélagsins hefði á síðastliðnu hausti tekið við blaðinu "Heimir" af hlutafélagi því, sem hefði haft það til eignar unráða. Flestir af hluthöfum blaðsins höfðu gefið hluti sínu með því skilyrði að 300 dollara upphæð væri safnað í útgáfusjóð. Í sjóð þennan var safnað 135 dollars og af þeim borgaðir 95 dollarar 75 cent til tveggja hluthafa. Í hlutum höfðu verið gefnir 136 dollarar. Þegar blaðið var tekið yfir kaus framkvæmdarnefndin sex manna útgáfunefnd. Hannes Pétursson skýrði frá fjárhag blaðsins og gaf ágríp af útgjöldum og tekjum á því tímabili sem nefndin hafði gefið blaðið út.

Nefndin, sem sett var á síðasta þingi til að athuga afstöðu þessa kyrkjufélags gagnvart "The American Unitarian Association" lagði þar næst fram eftirfarandi skýrslu: —Nefndin kom sér saman um að biðja um beint samband við A. U. A. þannig að stjórnarnefnd Ísl. Únitara kyrkjufélagsins skuli í beinu un-

boði A. U. A. ráðstafa öllum málum snertandi og áhrærandi þess eigin starfsemi í Manitoba og Norðvesturlandinu.

Þessi beiðni var veitt með bréfi frá Mr. Wilson, skrifara A. U. A. í júní síðastliðnum.

Mr. B. B. Olson lagði til að þriggja manna nefndir væru skipaðar af forseta til að fjalla um allar þessar skýrslur og mál þau er þær snerta. Tillagan var studd og samþykkt.

Séra Rögnvaldur Pétursson lagði til að þingið samþykkti meðferð framkvæmdarnefndarinnar á blaðamálinn. Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt.

Þá skipaði forseti nefndir til að taka skýrslurnar til meðferðar þannig:

Fræðslumálanefnd:

A. E. Kristjánsson
B. B. Olson
G. Árnason

Sálmabókarnefnd:

Stefán Thorson
Mrs. Tilly Pétursson
Mrs. Guðrún Pétursson

Útbreiðslumálanefnd:

Jóhannes Sigurðsson
Stefán Bjarnason
Jónas Halldórsson

Elaðnefnd:

G. Árnason
Hannes Pétursson
Sæmundur Borgfjörð

Sambandsmálanefnd:

R. Pétursson
J. P. Sólmundsson
R. Vídal

Fundi slitið

S. B. Brynjólfsson
G. Árnason

Fjórði fundur var settur af forseta klukkan 5 e.h. þ. 20.

Fundarbók lesin upp og samþykkt.

Fræðslumálanefndin lagði fram eftirfylgjandi skýrslu:

Sökum knýjandi þarfar, sem virðist vera á því að leiðarvísir sé gefinn út til notkunar við uppfræðslu unglinga í únitarskólaskólunum leggur nefndin til að þriggja manna nefnd sé kosin til að semja og sjá um útgáfu slíks leiðarvísis fyrir næsta nýjár ef möguleikar leyfa, með tilstyrk framkvæmdarnefndarinnar hvað kostnað snertir.

Umraeðum um skýrslu þessa var frestað þar til síðar.

Sálmabókarnefndin lagði fram eftir-fylgjandi skýrslu:

Nefndin leggur til að skrifara þingsins sé falið á hendur að skrifa biskupi Íslands og tjá honum að kyrkju-félag únitara í Vesturheimi hafi verið að hugsa um að gefa út íslenska sálmabók, sem það gæti notað við guðsþjónustur sínar, því að sálmabók sú, sem nú er notuð af hinni íslensku lútersku þjóðkyrkju sé því alveg ónóg, sömuleiðis að vér höfum frétt að kyrkjustjórnin á Íslandi hafi í hyggju að gefa út nýja sálmabók, og af þessum ástæðum að gera fyrirspurn um, hvers vegna íslenska kyrkjan vilji breyta sinni sálmabók, því ef gallarnir væru að nokkru leyti þeir sömu og þeir er vér finnum, þá mundum vér hætta við að hugsa um útgáfu sálmabókar og nota hinna nýju sálmabók íslensku kyrkjunnar.

Séra Rögnvaldur Pétursson lagði til að forseta en ekki skrifara væri falið á hendur að skrifa biskupi og að nefndarálitid sé viðtekið með þeirri breytingu. A. E. Kristjánsson lagði áherzlu á, að með þessari ráðstöfun væri ekki hætt að hugsa um að gefa út sálmabók. Skýrslan var samþykkt með áður nefndum breytingum.

Útbreiðslumálanefndin lagði fram eftirfylgjandi skýrslu:—

1. Nefndin álitur mjög viðeigandi bendingar þar er fram komu í ræðu útbreiðslustjóra og leyfir sér að mæla með útbreiðslu aðferðum þeim, er hann mælir með, nefnilega, að reynt sé að líta sem bezt eftir þeim söfnuðum, sem nú þegar eru myndaðir.

Einnig álitur nefndin að heppilegt sé að reyna að mynda söfnuð þar sem nokkur tæki eru til, þó fáir séu að byrja með á hverjum stað.

2. Nefndin álitur heppilegt að útbreiðslunefnd vinni sem mest í sameiningu með "Field Agent."

3. Nefndin mælir enn fremur með því að útbreiðslunefndin líti framvegis eftir því að haldið sé uppi sunnudagaskólum í þeim hóröðum þar sem fastir söfnuðir eru, þegar þess gerist þörf, og sér í lagi í öllum þeim hóröðum þar sem engin söfnuðir eru og þar sem því verður við komið.

Hannes Pétursson lagði til að nefndarálitid væri samþykkt lið fyrir lið. Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt.

Um málið töluðu R. Pétursson og A. E. Kristjánsson. Fyrsti liður var samþykktur. R. Pétursson lagði til að annar liður væri borðlagður þar til skýrsla sambandsmálsnefndarinnar hefði verið lesin; var það samþykkt. Síðan var þriðji liður nefndarálitsins samþykkt.

Fundi slitið.

S. B. Brynjólfsson

G. Árnason

Fimmti fundur var settur kl. 7. síðdegis þ. 20 af forseta.

Fundarbók var lesin og samþykkt.

Sambandsmálsnefndin lagði fram eftirfylgjandi skýrslu: —Þingnefnd sú, sem sett var til að íhuga skýrslu sambandsmálsnefndarinnar frá síðasta þingi leyfir sér að gera eftirfarandi tillögur.

1. Að þetta kyrkjuping samþykki þá ráðstöfun nefndarinnar, að kyrkjufélag vort gerist deildarfélag (Departmental Conference) í samskonar afstöðu við hið Ameríska Únítara félag (A. U. A.) sem önnur únítarísk deildarfélag.

2. Að þetta kyrkjuping óski sér til handa heimildar að mega kjósa Þann útbreiðslustjóra (Field Agent,) sem starfar í þessu umdæmi með samþykki A. U. A. en að hann skuli haga störfum sínum samkvæmt fyrirmælum A. U. A. með samþykki stjórnarnefndar kyrkjufélags vors.

3. Að þetta kyrkjuþing heimili stjórnarnefndinni að fara sér í nyt það loforð sem fengist hefir frá A. U. A. um peningalán til bókaprentunar, með þeim skilmálum, sem um semst.

B. B. Olson lagði til A. E. Kristjánsson studdi að skýrslan væri samþykkt.

Þá var lagt til af A. E. Kristjánssyni og stutt af B. B. Olson að annar liður útbreiðslumálanefndarskýrslunnar væri tekinn af borði, og var það samþykkt. Eftir nokkrar umræður, sem þeir J. P. Sólmundsson og B. B. Olson tóku þátt í lagði A. E. Kristjánsson til að liðurinn væri felldur úr skýrslunni. Tillagan var studd af Níels Hallssyni og samþykkt. Að því búnu var skýrsla sambandsmálanefndarinnar samþykkt.

Þar næst lagði blað-nefndin fram svo hljóðandi skýrslu:— Nefndin leggur til að hið íslenska Únítarafélag í Vesturheimi viðurkenni mánaðarritið "Heimir" sem málagn sitt og styðji að eflingu þess og útbreiðslu eftir föngum. Ennfremur að útgáfa blaðsins til næsta þings sé fengin í hendur fimm manna nefnd, er samanstæði af ritstjóra, ráðsmanni og útsendingamanni, ásamt tveimur meðnefndarmönnum, sem geti tekið við verki hinna í forföllum.

J. B. Skaptason lagði til að nefndarálitid væri samþykkt, var það stutt af Jóh. Sigurðssyni og samþykkt.

Þessir voru þar næst kosnir í útgáfunefnd:

- G. Árnason ritstjóri
- S. B. Brynjólfsson ráðsmaður
- H. Pétursson útsendingamaður
- G. J. Goodman og Jóhann Sigurðsson
meðnefndarmenn

Ný mál. H. Pétursson vakti máls á því að nauðsynlegt væri að komast að ákveðinni niðurstöðu um samband kyrkjufélagsins við söfnuðina og starfssvið þess yfirleitt. Sömu leiðis mintist hann á fjármálin. J. B. Skaptason og R. Pétursson tóku einni til máls um sama efni. B. B. Olson lagði til að

fimm manna nefnd væri sett til að íhuga fjármál félagsins. Tillagan var studd og samþykkt. Þessir voru settir í nefndina:

S. B. Brynjólfsson
R. Pétursson
Jóhannes Sigurðsson
J. B. Skaptason
P. Bjarnason

Þá urðu talsverðar umræður um útbreiðslumálin og tóku þátt í þeim R. Pétursson, B. B. Olson, J. B. Skaptason, G. Árnason og J. P. Sólmundsson.

B. B. Olson mintist á aðferðir safnaða til að kalla presta sína. Til máls tóku um það efni G. Árnason, H. Pétursson, J. P. Sólmundsson og J. B. Skaptason

Fundi slitið

S. B. Brynjólfsson
G. Árnason

Sjötti fundur var settur kl. 9 að morgni þess 21 af forseta. Fundarbók lesin og samþykkt.

R. Pétursson lagði til að þeim Guðbrandi Jörundssyni og Jóhanni Pálssyni, er báðir voru viðstaddir væri veitt málfrelsi á fundinum. Tillagan var studd af J. P. Sólmundssyni og samþykkt í einu hljóði.

Fjármálanefnd sú, sem sett var á næsta fundi áður lagði fram eftirfylgjandi tillögur.

1. Með tilliti til þeirra starfa sem kyrkjufélag vort hefir skuldbundið sig til að afljúka á komandi ári, svo sem útgáfu lærdómsbókar og annara nauðsynlegra rita til uppfræðslu unglinga; ennfremur með þeim samningi, sem gerður hefir verið við hluthafafélag Heimis á þeim tíma er kyrkjufélag vort tók við útgáfu þess rits, hefir kyrkjufélagið skuldbundið sig til að safna innan ákvedins tíma útgáfusjóði er nemi 300 dollars, en með því að safnast hefir upp til þessa tíma aðeins rúmir 100 dollarar er það tillaga nefndarinnar að kyrkjufélagið ákveði að hafa saman fyrir næsta nýjár upphæð er nemi 192 dollörum í það minsta.

2. Það er tillaga nefndarinnar og bending til þingsins, að upphæð þessari verði safnað á þann hátt, að hver söfnuður kyrkjufélagsins taki að sér eftir jöfnum hlutföllum við mannfjölda að safna þessu fé, og sé safnaðarnefndunum falin á hendur öll framkvæmd í þessu efni að nota þá aðferð, sem álitst heppilegust, þó það sé skoðun nefndarinnar, að þar sem um fámenna söfnuði er að ræða mundi léttast að ná þeirri upphæð með samkomuhaldi einhvern tíma á tímabilinu fyrir næsta nýjár.

Rögnvaldur Pétursson lagði til að nefndarálitid væri samþykkt, Jónas Halldórsson studdi tillöguna. Um málið ræddu B. B. Olson, R. Pétursson, G. Árnasson, og J. P. Sólmundsson. Síðan var tillagan samþykkt.

J. B. Skaptason vakti máls á hlutverki og starfi kyrkjufélagsins og "field agents" og bar upp eftirfylgjandi tillögu: Að þingið feli framkvæmdarnefnd sinni og field agent að leitast fyrir með að fá góða og efnilega menn til þess að læra til þess að verða únitaraþrestar, eftir því sem þeim þykir þörf gerast.

Að framkvæmdarnefndinni með "field agent" sé falið á hendur að leita nauðsynlegs styrks hjá A. U. A. til framtíðarvinnu núverandi og nýrra presta og stúdenta til trúboðs í sumarfríum þeirra og ráðstafa með samþykki allra hlutað eigenda þeim trúboðskrafti, er vér nú eigum vól á, á meðal þeirra safnaða, sem nú er prestsþjónustulausir og þeirra safnaða er kunna að myndast á í hörd farandi ári.

Tillaga þessi var studd af B. B. Olson og rædd af A. E. Kristjánssyni, J. P. Sólmundssyni, Jóh. Sigurðssyni, H. Péturssyni, G. Árnassyni og Rögnvaldi Péturssyni, J. P. Sólmundsson lagði til og A. E. Kristjánsson studdi að orðin "ásamt field agent" væru feld úr tillögunni. Sú tillaga var feld, en aðal-tillagan samþykkt.

Rögnvaldur Pétursson lagði til að eftirfylgjandi bréf væri sent Þorbergi Þorvaldssyni skrifara kyrkjufélagsins.

Um leið og vér vottum viðtöku yðar vinsamlegu kveðju til hins fimta þings kyrkjufélags vors og þökkum alla þá alúð og hluttekningu, er þér hafið sýnt nú og frá því fyrsta í öllu voru

starfi, og með því gleðilegar fréttir hafa borist oss af yðar ágæta námsstarfi, leyfum vér oss að senda yður vorar hugheilustu árnaðaróskir, að þér altaf megið njóta þess góða orðstýrs, er þér nú hafið getið yður og að yður megi auðnast að beita lærdómi yðar og hæfileikum sem mest til blessunar landi og lýð og til eflingar því góða í heiminum.

Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt í einu hljóði.

G. Árnason vakti máls á því að heppilegast mundi að prenta útdrátt úr fundargörningunum, R. Pétursson og aðrir álitu heppilegra að prenta þá eins og þeir stæðu í fundarbókinni J. B. Skaptason lagði til að skrifara, forseta og R. Péturssyi væri falið á hendur að laga þá til sem þyrfti undir prentun. Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt eftir all-langar umræður.

Þá fór fram kosning embættismanna fyrir næsta ár og voru þessir kosnir:

Forseti S. B. Brynjólfsson

Varaforseti Stefán Thorson

Skrifari G. Árnason

Útbreiðslustjóri B. B. Olson

Varaskrifari A. E. Kristjánsson

Féhirðir Hannes Pétursson

Meðnefndarmaður R. Vídal

Guðm. Guðmundsson

Pétur Bjarnason

Ráðunautar Útbreiðslustjóra;

Mrs. Oddfr. Johnson

Mrs. Tilly Pétursson

B. B. Olson bauð fyrir hönd Gimli safnaðar að næsta þing verði haldið að Gimli. Boðinu var tekið með þökkum samkvæmt tillögu frá J. B. Skaptassyni og Rögnvaldi Péturssyni.

B. B. Olson lagði til að þingið verði haldið 17 júní 1911 á tíunda afmælisdag kyrkjufélagsins, var tillagan studd af A. E. Kristjánsson og samþykkt.

J. P. Sólmundsson lagði til að þingið vottaði bygðinni hjartans þakklæti fyrir góðar viðtökur og mikla fyrirhöfn fyrir gestunum. Stutt af B. B. Olson og samþykkt í einu hljóði með því að menn risu frá sætum sínum.

J. P. Sólmundsson lagði ennfremur til að þingið vottaði Eiríki Scheving þakklæti sitt fyrir organista starf á þinginu, og láti í ljósi aðdáun sína, yfir því að sjónlaus maður skuli geta leyst þá íþrótt svo af hendi sem hann gerir. Tillagan var studd af A. E. Kristjánssyni og samþykkt í einu hljóði, með því að menn risu frá sætum sínum.

Fundi slitið

S. B. Brynjólfsson

G. Árnason

Í sambandi við þingið voru fjórir fyrirlestrar haldnir. Sá fyrsti var fluttur á sunnudagskvöldið þ. 19 af A. E. Kristjánssyni og var um hreyfingu þá innan kaþólsku kyrkjunnar, sem Modernismus nefnist. Annan fyrirlesturinn hélt séra G. Árnason á mánudaginn, og var hann um únfatarísku stefnuna. Séra Rögnvaldur Pétursson hélt þriðja um kyrkjuna, og Stefán Thorson þann fjórða, er hann nefndi: "Íbáð á götuhorni." Um alla þessa fyrirlestra urðu all langar umræður, og var ágæt aðsókn að þeim öllum.

Ennfremur fóru guðsþjónustur fram á tveim stöðum, Mary Hill og Norðurstjörnu skólahúsi á sunnudaginn og predikuðu þeir séra Rögnvaldur Pétursson og A. E. Kristjánsson við þær.

Þinginu var slitið kl. hálf tólf þriðju daginn þ. 21 með því að séra J. P. Sólmundsson las 15 kap. Lúkasar guðspjalls og 13 kap. fyrra Korintubrúfins og að því loknu var sálmurinn nr. í sálmabókinni sunginn.

Daginn á eftir hélt söfnuður Grunnavatusbygðar mjög myndarlegt samkvæmi í Norðurstjörnu skólahúsinu, og voru flestir sem á þinginu voru þar viðstaddir.

Athugas.—Vissra orsaka vegna er fundargjörningur annars fundar ekki birtur í þessu blaði, en verður birtur síðar.

Nýjar bækur

Kvistir, kvæðasafnu eftir Sig. Júl Jóhannesson, Reykjavík 1910

Kostnaðarmaður Jóh. Jóhannesson.

Flest af kvæðunum í bók þessari hafa birst áður í blöðum og tímaritum hér vestra, svo það verður ekki sagt, að hún flytji mikið nýtt; en svo er því einnig farið með flest skáld á þessari blaða og tímaritaöld. Engu að síður er bókin samt ófáð öllum ljóðvinum kærkominn gestur, því Sigurður hefir fyrir löngu síðan fengið þá viðurkenningu, að vera eitt af beztu skáldum vorum Vestur-Íslendinga. Sú viðurkenning virðist ekki auðfengin á Íslandi, ef Vestur-Íslendingur á hlut að máli. Þó er skáldskapargáfan, eða að minsta kosti gáfan til ljóðlistar ekki svo sjálgæf með Íslendingum, að það sæti undrum þó eitthvað af henni hafi borist vestur um haf. Enn þetta kemur ekki málinu við. Tíminn breiðir yfir flestar misfellur, sem kunna að vera á dómgreind manna.

Sigurður er mjög tilfinningaríkt skáld og hann yrkir langmest um mannlífið. Þess vegna er það svo undur eðlilegt að samhygð og meðlíðun með þeim, sem líða og á einhvern hátt sæta illri meðferð komi í ljós í kvæðum hans og einnig réttlát reiði gagnvart þeim, sem hann álitur vera orsök í böli og óhamingju þeirra er hann finnur til með. Máske er tilfinningin of heit stundum, svo að dómgreindin nýtur sín ekki til fulls, en þó er það engan vegin með jafnaði, því Sigurður hefir glögt auga fyrir því sem er að gerast í heiminum í kring um hann.

Sum beztu kvæðin eru um afhrök almenningssálitsins, en sem almenningur aldrei veit, eða kærir sig um að vita, hvers vegna hafa orðið að afhrökum, t. d. "Halta Finna"

"Eintal Sæfinns" er ágæt lýsing af því, hvernig að hugarástand manna veldur því, að það sem einu sinni virðist fagurt og gleðríkt verður alt í einu dapurt og sorglegt. Kvæðið er ágætt, eitt hið bezta í bókinni; það er betur dregin mynd í fáum dráttum af heilu mannlífi en flest, ef ekki öll hinna kvæðanna eru.

“Guðsríki” “Mús í gildru” “Sögunarkarlinn” ofl. eru mjög góð sýnishorn af þeirra aðalstefnu, sem birtist í skáldskap Sigurðar.

Í mörgu af lausu vísunum og smákvæðunum í bókinni er mikill sannleikur sagður í stuttu máli. Um þýddu kvæðin má eflaust segja, að þau eru yfirleitt góð.

Hvað máli og rími viðvíkur, þá er hvortveggja vel vandað yfirleitt. En ekki verður því neitað, að á stöku stað hefði mátt vanda betur málið, því jafnvel eitt orð sem er ósmekklega valið getur stór lýtt heilt kvæði.

Allur ytri frágangur bókarinnar er sérlega vandaður. Hefir auðsjáanlega ekkert verið sparað til að gera bókina sem best úr garði.

Andvökur 3. bindi eftir Stephan G. Stephánsson.

Útgefendur nokkrir Íslendingar í Vesturheimi.

Þetta þriðja bindi af kvæðum Stephans G. Stephánssonar, sem er komið hingað vestur ekki alls fyrir löngu er góð viðbót við þau tvö sem komin voru á undan,—góð viðbót sérstaklega vegna þess að í því er sá kvæðaflokkur, sem mörgum, og það ekki að ástæðulausu, finst vera það bezta sem skáldið hefir ort, nefnilega flokkurinn “Á Ferð og Flug.” Það er víst að hvergi hefir Stephani tekist betur að segja frá en þar, hvergi hefir hann dregið jafn snildarlega lýsingu af persónum og þar. Skáldið birtist hvergi annarstaðar jafn vel sem mannþekkjari. Saga Ragnheiðar litlu og lýsingin af prestinum og frú hans munu lengi verða við lýði eftir að sum önnur kvæði skáldsins hafa fyrnst, og þó er engu af því sem það hefir ort mjög hætt við að fyrnast hjá þeim, sem leitast við að skilja það.

Margt annað sem í þessu bindi er, er gott, en fátt af því virðist komast í sanjöfnuð við það bezta, sem er að finna í tveimur fyrri bindunum; þó má taka kvæðið “Draupnir” undan. Það kvæði er eitt hið bezta af öllum kvæðum Stepháns.

Útgefendur kvæðanna, sem eru nokkrir vinir skáldsins hér vestan hafs, eiga þakkir skilið fyrir að hafa ráðist í að koma því sem skáldið hefir ort saman í eina heild. Hver veit hvað lengi þess hefði orðið að bíða, nema fyrir þá framtakssemi.

Guðleg Áhrif

EFTIR JAMES G. TOWNSEND, D. D.

Spurningarnar, sem ég tek til ihugunar eru þessar: Berast áhrif til vor frá hinum ósýnilega heimi? Geta hinir sorgmæddu, sjúku, fátæku, fávísu, litilsigldu og íllu fengið hjálp og huggun? Er það aðalatriði trúarinnar rétt, að maðurinn geti komist í samband við hið guðlega og orðið betri og göfugri vegna þess sambands? Er bæn mannsins í raun og veru svarað?

Þó ég sé sannfærður um að sannleikurinn birtist oss ekki í gegnum neina sérstaka opinberun, aðeins í gegnum reynslu, í gegnum vísindi eða heimspeki, mun ég samt svara spurningum þessum játandi, og skal leitast við að ryðja úr vegi hinum alvarlegustu og dýpstu mótbárum gegn hugmyndinni um guðleg áhrif—þeim sem að vísindi nútímans hafa í för með sér.

Þessar mótbáru felast í þeirri staðhæfingu að náttúrulögin gildi án takmarka, að mannlegt líf og mannleg framþróun sé lokaður hringur; að enginn skynsamlegur innblástur eða bending geti komið utan að; að það sem þannig virðist vera sé myndun eintóm; að kærleikur, meðaumkun, samhygð, hatur, hefndargirni, svik, umhugsun og eftirtekt sé rétt eins ósjálfráð og vöxtur trésins eða blómsins.

Haeckel segir: “Frjálsræði viljans er ekki viðfangsefni fyrir vísindalega rannsókn, því það er blátt áfram kenning, sem bygð er á misskilningi.”

Samkvæmt þessari kenningu Haeckels gat St. Francis ekki komist hjá því að vera góður, og Iago gat ekki komist hjá því að vera svikull. Það er ekkert gott eða ílt til í heiminum.

Eðlilega verður hugmyndin um guðleg áhrif og nytsemi bænarinna altaf heimiska í auðu n. vísindunumanna, ef þeir sem þessa hugmynd hafa virða vettugi eða reyna að gera lítið úr náttúrulögunum sérstaklega lögmálinu um viðhald kraftarins. En ég get ekki séð að hugmyndin um skynsamlegan innblástur eða stjórn nauðsynlega grafi grundvöllinn undan eða dragi úr gildi þessara náttúrulaga, eða takmarki hina ómælaulegu stærð náttúrunnar. Eg held fram að maðarinn hafi þroskast upp frá hinu upprunalega frumefni allra hluta af völdum hins hulda vilja, sem bæði Schopenhauer og Nietzsche skoða sem uppsprettu alls, þar til hann varð að skapa sig sjálfur, mynda sín eigin forlög, auðvitað með hjálp annara krafta. Honum hefir verið gefinn líkami og heili, já meira, sál, og þessi sál er eitthvað annað en hin ósjálfráða náttúra, eitthvað annað en efni og kraftur, en þeim þó óskiljanlega samtengd; hún leiðbeinir þeim og stjórnar, ekki með því að vinna á móti náttúrulögunum og komast hjá þeim, heldur með því að hlýða þeim og nota þau.

Eg gekk út í skóg og fann hið fagra gæsablóm í fyrsta sinn. Eg fann einnig lifrarjurtir og önnur blóm. Eg gat ekki látið þessi blóm gróa, ekki myndað blöð þeirra né gefið þeim litblæ sinn, en með því að nota líkamsafl mitt safnaði ég þeim saman og bar þau heim. Eg gaf handfylli mína af þeim til nokkurra skólástúlkna, til að liða í sundur, og önnur lét ég þar sem þau hýrguðu döpur augu og færðu roða í fölar kinnar. Með þessu beindi ég vissum kröftum inn á brautir, sem þeir sjálfir gátu ekki fundið, sem þeir höfðu aldrei fundið áður, og það án þess að raska hið minsta lögum aflfræðinnar eða viðburðarás náttúrunnar.

Menn svara með því að segja, að í öllum þessum athöfnum sé í fyrsta lagi taugaerting í nokkrum heilafrumlum, sem láti kraft lausan. En hvað olli þeirra ertingu? Einhverjar efna—eða aflslegar breytingar í heilanum, er sagt. Það getur vel átt sér stað. En hér kemur aðalspurningin. Hvað orsakaði hreyfinguna í þessum efnisögnum einmitt á þeirri stundu og á þann skiljanlega hátt?

Er ekki í hverjum manni eitthvað meira en starf ósjálfráðra

laga, eitthvað sem ekki getur snúist upp í kraft, eitthvað sem ekki verður sundurliðað, sem er óáþreifanlegt, sem ekki næst með neinum efnasamböndum eða sundurleysingu; eitthvað ófyrirséð, náske af alvirkunni sjálfri, sem knýr sama manninn stundum til stórra dáða, stundum til að sökkva niður í lesti? Þessar siðferðisbreytingar, sem eru mögulegar í hvers manns lífi, verða aðeins útskýrðar með þeim persónuleika neista, sem vér nefnum sál.

Framh.

Í næsta blaði verður mynd og æfiágrip Magnúsar heitins Brynjólfssonar, sem vissra orsaka vegna gat ekki komist í þetta blað.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEFD:

Rögnv. Pétursson	Hannes Pétursson
G. J. Goodmundson	Guðm. Arnason
Friðrik Sveinsson	Gísli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 577 Sherbrooke St. Peninga sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank, 577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS